

Gæsluvöllur Kirkjugarði

Forstöðuaðili veitir gæsluvelli forstöðu þar sem börn á aldrinum 20 mánaða til 6 ára geta leikið sér í öruggu umhverfi.

Vinnufyrirkomulag: Virka daga frá 8:45-12:00 og 12:45-16:15

Ráðningartímabil: 14. júlí 2023-14. ágúst 2023 (möguleiki á að viðkomandi fái einnig starf á öðrum tíma sumars í leikskólum).

Helstu verkefni:

- Sér um að opna og loka gæsluvelli.
- Tekur á móti börnum og sér um skráningu barna inn á gæsluvöllinn.
- Heldur utan um skráningu og greiðslufyrirkomulag.
- Gengur frá í lok dags og þrífur húsnæði.
- Tekur saman upplýsingar um nauðsynjavörur, leikföng og annað sem þarf að endurnýja og miðlar til fræðslufulltrúa.
- Aðstoðar börn, hvetur og leiðbeinir starfsfólki.

Hæfniskröfur:

- Uppeldismenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Reynsla og ánægja af starfi með börnum.
- Skyndihjálparnámskeið barna er æskilegt.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- 18 ára lágmarksaldur.
- Hreint sakavottorð.

Laun skv. kjarasamningi: *Stavey/Drifandi*

Upplýsingar um starfið veitir Drífa Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi í síma 488 2000 og drifagunn@vestmannaeyjar.is